



VESTURBYGGÐ

Íbúasamráð Vesturbyggð

ÍBÚASAMRÁÐ OG EFTIRFYLGNI STJÓRNSÝSLU
VESTURBYGGÐ 2015 - 2017

Í sveitarstjórnarkosningum 2014 bauð aðeins einn listi fram í Vesturbyggð, Sjálfstæðismenn og óháðir og var hann sjálfkjörinn. Bæjarstjórn lagði því áherslu á samtal við íbúa, með tilraunaverkefni sem stóð frá 2015 – 2017 og unnið var í samstarfi við ILDI.

Samtalið hefst Íbúafundir og íbúaping

Verkefnið hófst haustið 2015 með íbúafundum í þremur byggðakjörnum Vesturbyggðar, á Bíldudal, Birkimel og Patreksfirði. Sambærilegir íbúafundir voru einnig haldnir á kjörtímabilinu 2010 – 2014. Markmið fundanna var að kalla eftir sjónarmiðum íbúa áður en gengið yrði frá fjárhagsáætlun. Það gafst vel að eiga samtal á þessum þremur stöðum, þar sem aðstæður eru ólíkar.

Á Bíldudal ræddu íbúar um uppbyggingu vegna fiskeldis, en fram komu áhyggjur af þróun byggðar í dreifbýlinu á Barðaströnd.

Á Patreksfirði var m.a. rætt um umferð, ásýnd og samfélagsmál. Þátttakendur lýstu ánægju með samtalið við stjórnendur á jafningjagrunni. Bæjarstjórn fjallaði um skilaboð fundanna í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar og kom fram ef mál höfðu verið rædd á íbúafundum. Sem dæmi um mál sem komust til framkvæmda má nefna foreldragreiðslur, bættan aðbúnað skóla- og leikskóla, endurbætur á íþróttavöllum, múrviðgerðir á félagsheimili, búnað fyrir slökkvilið og malbikunarframkvæmdir.



ÍBÚAÞING APRÍL 2016

Stórt skref var stigið vorið 2016, þegar öllum íbúum Vesturbyggðar var boðið til íbúapings sem haldið var á Patreksfirði. Fyrirkomulagið var svokallað “Opíð rými”, eða **Open Space**, þar sem allir sem vildu gátu stungið upp á umræðuefnum, sem síðan voru rædd í smærri hópum. Málefnum var forgangsráðað og horft til ársins 2036. Meðal málefna sem komu til framkvæmda, má nefna almenningssamgöngur og bætt aðgengi í sundlaug á Patreksfirði. Vinna hófst við lagningu ljósleiðara og gerð húsnæðisáætlunar. Almenn var töluvert fjallað um skilaboð íbúa í stjórnsýslunni og bæjarstjórn hafði þau til hliðsjónar í sinni ákvarðanatöku.



Úrvinnsla stjórnsýslunnar

Við íbúasamráð þarf að þróa nýtt verklag, til að tengja samtalið og hina formlegu stjórnsýslu. Þar eru starfsmenn í lykilhlutverki.

Hver hópur fór því yfir nokkur málefni frá íbúáþinginu. Hlutverk hópanna var að greina mál og flokka þau í gult, rautt og grænt.

Mál sem fóru í græna flokkinn, voru þegar komin til framkvæmda eða á fjárhagsáætlun. Guli liturinn fór á mál sem mælt var með að skoða frekar. Og rautt, þýddi að verkefnið væri ekki raunhæft eða mögulegt að svo stöddu. Þessi úrvinnsla fór síðan til nefnda, sem einnig horfðu til íbúafunda 2015.

“ Eilífa verkefnið í sameinuðu sveitarfélagi eins og Vesturbyggð er samkenndin. ”
SAGT Á RÝNIFUNDI

Hverri nefnd var úthlutað málum sem féllu að hennar starfssviði og var óskað eftir tillögum til bæjarstjórnar um

forgangsröðun. Horft var bæði til íbúáþings 2016 og íbúafunda 2015. Nefndir gátu fjallað um önnur mál, ef þær svo kusu.

Verkefnisstjóri á bæjarskrifstofu gegndi lykilhlutverki við að vinna úr gögnum fyrir nefndir.

Bæjarstjórn tók síðan við forgangsröðun nefndanna og hafði til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar.

Næsta skref var að vega og meta þær hugmyndir og þau málefni sem rædd voru á íbúáþinginu. Það var gert með **vinnufundi stjórnenda og bæjarfulltrúa**. Byrjað var á fræðslu um forsendur árangursríkrar þátttöku íbúa, samkvæmt IAP2. Síðan var unnið í hópum sem fjölluðu um tiltekna málaflokka, t.d. fræðslumál og tómstundir, umhverfismál og framkvæmdir, o.s.frv.

Endurgjöf og mat á árangri

Vesturbyggð hefur gefið reglulega út **fréttabréf** og þar hefur verið greint frá verkefninu um samtal við íbúa.

Á forsíðu á **vef** sveitarfélagsins er að finna hnapp um þátttöku íbúa, þar sem sjá má gögn um íbúafundi og íbúáþing.

Í ágúst 2017 var haldinn **rýnifundur** þar sem fulltrúar frá bæjarstjórn og stjórnsýslu, ásamt

fulltrúum íbúa fóru yfir verkefnið og mátu árangur þess og stöðu. Á rýnifundinum voru nefnd atriði sem komist hafa til framkvæmda í kjölfar íbúáþings, t.d. almenningsamgöngur. Dæmi væru um að afgreiðsla mála tæki styttri tíma. Fram kom ánægja með fréttabréfið. Rætt var um hvernig mætti ná betur til ungs fólks og íbúa af erlendum

uppruna og kallað eftir atburðadagatali á vef Vesturbyggðar.

Lögð var áhersla á að halda áfram á sömu braut og minnt á að samtalið við íbúa er langtíma-verkefni. Formgera þurfi verkefnið og gæta þess að því sé ekki ýtt til hliðar í daglegum önnum. Gera þurfi um það áætlun, líkt og skóladaatal.

Lærdómur

Í Vesturbyggð búa um 1.000 íbúar. Stjórnsýslan er fámenn og starfsmenn og kjörnir fulltrúar búa við töluvert vinnuálag. Aukin áhersla á samtal við íbúa er viðbót og það tekur tíma, sérstaklega meðan verið er að þróa nýtt verklag. Þetta er jafnframt lærdómsferli, bæði sveitarfélagsins og íbúanna.

Í upphafi var ætlunin að gera handbók sem nýst gæti fleiri sveitarfélögum og var leitað til Jöfnunarsjóðs eftir stuðningi. En þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga vann að slíkri handbók varð ekki af því. Þetta varð til þess að verkefnið varð minna í sniðum og mótaðist skref fyrir skref.

Við höfum lært að...

...setja þarf samtalið við íbúa í formlegt ferli – líka í fámennum sveitarfélögum.

...virkja þarf starfsmenn og kjörna fulltrúa í lærdómsferlinu og við að móta nýtt verklag. ...skipa ætti verkefnisstjórn þar sem sætu m.a. fulltrúar íbúa. ...meta árangur reglulega.

GRUNNGILDI OG SIÐAREGLUR International Association for Public Participation IAP2



ILDI starfar eftir **grunngildum og siðareglum** alþjóðlegra samtaka um þátttöku, IAP2.

Þar er meðal annars fjallað um...
...rétt íbúa til að hafa áhrif á ákvarðanir sem þá varðar.
...að samtal felur í sér loforð um að hlusta.
...að þátttakendur fái nægar upplýsingar til að geta tekið þátt með marktækum hætti.
...að þátttakendum er tjáð hvernig framlag þeirra hafði áhrif á ákvörðun.

Í **siðareglum** IAP2 segir m.a. að ráðgjafi er hlutlaus aðili og tekur ekki afstöðu til einstakra mála, heldur stendur vörð um ferlið.

ILDI ehf.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, MSc
sigurborg@ildi.is